

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 12. október 1971

um samræmingu laga aðildarríkjanna um kvörðun á tönkum skipa

(71/349/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í mörgum aðildarríkjum eru lögbundin ákvæði þar sem mælt er fyrir um aðferðir við kvörðun á tönkum skipa að meðtöldum tönkum fyrir fljótandi eldsneyti í skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og í innlendum og alþjóðlegum strandferðaskipum, svo og notkun tankanna til mælinga á innihaldi þeirra. Þessar kröfur eru breytilegar frá einu aðildarríki til annars og hindra þannig að mælingar með tanki sem kvarðaður hefur verið í einu aðildarríki séu viðurkenndar í öllum aðildarríkjum.

Unnt er að takmarka áhrif slíkra hindrana á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar og jafnvel ryðja þeim úr vegi ef öll aðildarríkin taka upp sömu kröfur, ýmist sem viðbót við gildandi lög eða í stað þeirra.

Kröfur bandalagsins varðandi aðferð við kvörðun sem er lýst í þessari tilskipun tryggja að hægt sé að mæla vökva í tönkum sem kvarðaðir eru með þessari aðferð hvenær sem er og af nægilegri nákvæmni.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 108, 19. 10. 1968, bls. 36.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 4, 14. 1. 1968, bls. 2.

Kvörðun á skipstönkum er sambærileg við frumsannprófun mælitækja. Því er hægt að beita tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 26. júlí 1971 ⁽³⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun tekur til EBE-kvörðunar á tönkum skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, svo og strandferðaskipa.

Með „EBE-kvörðun“ er átt við kvörðun sem framkvæmd er af aðildarríki í samræmi við þessa tilskipun.

2. gr.

Niðurstöður kvörðunar skulu skráðar í vottorð um EBE-kvörðun í samræmi við viðaukana.

Aðildarríki skulu leggja að jöfnu vottorð um EBE-kvörðun og hliðstæð gögn í eigin landi.

3. gr.

Mælitæki sem notuð eru til að ákvarða hæð vökvans í tönkum sem kvarðaðir eru í samræmi við þessa tilskipun skulu útbúin sérstaklega í þessum tilgangi.

Pau skulu standast kröfur sem settar eru fram í viðkomandi sértilskipun.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

Til bráðabirgða má þó nota tæki sem samþykkt eru af lögbærri mælifræðistofu í aðildarríkinu þar sem hæð vökvans er ákvörðuð.

Þetta bráðabirgðafyrirkomulag fellur úr gildi einu ári eftir daginn sem mælt er fyrir um að sértilskipun um viðkomandi mælitæki gangi í gildi.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 12. október 1971.

Fyrir hönd ráðsins,

L. VIGLIANESI

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENNAR KRÖFUR UM KVÖRDUN Á SKIPSTÖNKUM

1. Rúmmál tanka skal ákvarða:

- annað hvort með því að setja í tankinn vatn eða annan vökva sem hentar og sem búið er að mæla með mælikerjum eða mælitækjum með mælum sem hafa verið kvarðaðir sérstaklega í þessum tilgangi,
- eða með því að reikna út frá málum í tankinum; ásamt því skal prófa hluta tanksins ef við verður komið og nota við það mælt rúmmál vökva.

2. Kvörðun skal gerð á þann hátt og með nægilega nákvæmum tækjum til að hlutfallsfrávik varðandi rúmmál sem fram kemur á vottorði sé ekki meira en:

- a) að jafnaði: $\pm 3/1000$ af sýndu rúmmáli,
- b) ef þannig stendur á í undantekningartilvikum að tankar séu mjög óreglulegir að lögun og ekki hægt að kvarða þá með vökvaflutningi: $\pm 5/1000$ af sýndu rúmmáli.

3. Niðurstöður kvörðunar ber að skrá í vottorð um kvörðun en því skulu fylgja skýringarmyndir og töflur sem sýni sérstaklega rúmmál vökva, í lítrum, rúmdesímetrum eða rúmmetrum, sem er í tankinum þegar yfirborð vökvans er í tiltekinni hæð mældri í sentímetrum eða desímetrum á lóðréttum lengdarkvarða.

Til viðbótar við töflur sem sýna hæð í sentímetrum og desímetrum er heimilt að hafa töflu fyrir brúun í millímetrum.

Þessi gögn skulu vera í samræmi við II., III. og IV. viðauka.

4. Festa skal kvörðunarplötu á hvern tank, nálægt opinu þar sem mælt er.

Á plötunni skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- númer tanksins,
- heildarviðmiðunarháð H,
- númer kvörðunarvottorðs.

Platan skal gerð úr nægilega sterku efni og innsiglið með því að meðfylgjandi EBE-innsigli úr blýskífum er fest á þann hátt að ekki sé hægt að fjarlægja plötuna án þess að rjúfa innsiglið.

Eiginleikar og gerð EBE-innsiglisins skulu vera eins og kveðið er á um varðandi merki fyrir EBE-sannprófun að hluta í 2. mgr. 10. gr. og 3. lið II. viðauka við tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

Að breyttu breytanda gildir 12. gr. þeirrar tilskipunar.

5. Ekki skal kvörðunarvottorð gefið út nema smíði og tilhögun tankanna og þeirra pípa sem þeim tengjast sé á þann veg að við eðlilegar aðstæður við notkun skipsins sé hægt að tæma eða fylla tankana og tengirörin að fullu án erfiðleika og án þess að loft lokist inni yfir vökva sem verið er að mæla eða inni í honum, undir þeirri hæð þar sem tankurinn er talinn fullur.

Nú eru undanþágur veittar eða ráðstafanir af einhverju tagi gerðar til að tryggja rétta mælingu og skal þá geta þess í kvörðunarvottorði.

6. Lóðrétti lengdarkvarðinn sem notaður er til að ákvarða hæð vökvans skal að jafnaði vera sem næst þyngdarmiðju láréttra sniða tanksins í sérhverjum hluta hans þar sem frítt yfirborð vökvans kann að vera þegar mælingar eru framkvæmdar við eðlilegar notkunarastæður.

Nú er þessu skilyrði ekki fullnægt vegna lögunar tanksins og skal þá tilgreint í kvörðunavottorði að einungis skuli ákvarða hæð vökva í tankinum þegar stafnhalli og slagsíða skips er engin.

Öxull á stýringu ákvarðar lóðrétta stöðu kvarðans.

Þessi stýring skal tryggja að kvarðinn sé í rétttri stöðu; ekki skulu stafa nein kerfisbundin frávik í mælingu af því hvernig hún er smíðuð. Láréttur flötur við efri brún stýringarinnar er viðmiðunin. Bilið á milli þessa flatar og lárétrar, fastrar plötu sem er beint fyrir neðan viðmiðunarflötinn er kallað „heildarviðmiðunarhæð H“ og skal tilfært undir því nafni efst í hverri töflu.

Gera skal hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að þykja til að staðsetning viðmiðunarflatar með tilliti til tanksins, svo og miðað við heildarviðmiðunarhæð H, sé því sem næst óumbreytanleg.

Festa skal EBE-innsigli á viðmiðunarflötinn.

7. Að teknu tilliti til:

- a) hversu nákvæmlega magn sem tilgreint er í töflum hefur verið ákvarðað,
- b) hversu nákvæmlega er hægt að ákvarða yfirborðshæð vökva í tönkum,

skal í kvörðunavottorði tilgreina hlutfallslega nákvæmni við notkun tanksins til að ákvarða rúmmál vökvans sem í honum er.

Í því tilviki sem um getur í a-lið 2. liðar í þessum viðauka má hlutfallsleg ónákvæmni ekki vera meiri en $\pm 5/1000$ af því rúmmáli sem tilgreint er í töflunni; í því tilviki sem um getur í b-lið 2. liðar skal hún ekki vera meiri en $\pm 8/1000$ af því rúmmáli sem tilgreint er í töflunni.

Lægsta mælanlega hæð skal ekki vera lægri en 500 mm.

8. EBE-innsigli, kvörðunavottorð og rúmmálstöflur falla úr gildi:

- eftir tólf ár,
- eða um leið og lögun tanksins breytist, gert hefur verið við hann eða hann endursmíðaður á þann hátt að líklegt megi telja að mælieiginleikar hans hafi breyst. Tilgreina skal síðasta mánuð og ár viðkomandi tólf ára tímabils efst á vottorðinu og efst í hverri töflu.

Vottorð og töflur skulu einungis endurnýjuð þegar kvörðun hefur farið fram að nýju.

II. VIÐAUKI

MÆLINGASKJÖL

Í mælingaskjöllum sem lögbær yfirvöld í mælifræði gefa út skal eftirfarandi koma fram:

1. Hið eiginlega kvörðunartorð, þar sem fram kemur:
 - a) nafn og heimilisfang lögbærs yfirvalds sem gefur vottorðið út;
 - b) nafn og staða þess sem stjórnaði kvörðuninni;
 - c) raðnúmer vottorðsins (sem einnig skal koma fram á öllum öðrum gögnum, sem og kvörðunarplötum);
 - d) útgáfudagur vottorðsins og heimilisfang á vinnustað embættismannsins sem sá um kvörðunina;
 - e) fyrningardagsetning vottorðsins;
 - f) auðkenni skipsins (nafn, skráningarnúmer, nafn og heimilisfang eiganda og smíðaár);
 - g) skrá yfir gögn sem fylgja og lýsing á þeim;
 - h) hópar tanka sem sama tafla gildir fyrir;
 - i) í hvaða tönkum séu safnþrær eða forhitarar;
 - j) heildarrúmmál;
 - k) nákvæmni niðurstaðna sem fram koma í töflunum;
 - l) með hve mikilli nákvæmni unnt er að ákvarða rúmmál vökva í tönkunum með því að styðjast við mælingaskjölin;
 - m) minnsta mælanlega hæð.
2. Skýringarmynd nr. 1 sem sýnir hvar tankarnir eru í skipinu og heildarviðmiðunarhæð H fyrir hvern tank, staðsetning kvarða í tanki og afstöðu kvarðans miðað við fremra skilrúm og miðskilrúm langskips.
3. Skýringarmynd nr. 2 sem er þversnið af tönkunum og sýnir einkum og sér í lagi radíus húfs á botni skips og bitabeygju, hæð tankareisnar og hvernig smíði stýringar er háttað.
4. Skýringarmynd nr. 3, ef forhitarar eða safnþrær eru í tönkum skips, sem sýnir rúmmál sem samsvarar því rými sem hitari og þrær taka, sem og rúmmál þess vökva sem þrærnar rúma frá einni loku til annarrar.
5. Tafla yfir rúmmál í sentímetrum eða desímetrum fyrir hvern tank eða hvern hóp svipaðra tanka þar sem fram kemur heildarviðmiðunarhæð H og fyrningardagur og, eftir því sem við á, tafla fyrir brúun í millímetrum.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ KVÖRÐUNARVOTTORÐI

Lögbært yfirvald

Land

Gildir til

KVÖRÐUNARVOTTORÐ NR.

„.....“⁽¹⁾

(fullt nafn og staða þess sem sá um eða stjórnaði mælingu)

vottar að þann að beiðni

voru kvarðaðir tankar skipsins

sem skráð er nr. í eigu og smíðað árið

Á skýringarmynd nr. 1 sést hvar tankarnir eru í skipinu, númer þeirra, staðsetning kvarða í þeim og, fyrir hvern tank, heildarviðmiðunarhæð H viðmiðunarplötu frá efri brún stýringar (sem á er EBE-innsigli) niður að fastri plötu á botni tanksins.

Á skýringarmynd nr. 2 sést þversnið af tönkunum eftir fleti sem fer í gegnum kvarðann.

Á skýringarmynd nr. 3 sést hvar forhitarar og safnþrær eru og stærð þeirra.

Þegar notaðar eru meðfylgjandi töflur sem sýna hæð í sentímetrum skal hæð vökvans ákvörðuð með álestri á kvarðanum í tankinum eins og sýnt er á skýringarmynd nr. 1.

Sama tafla gildir fyrir eftirfarandi tanka:

Frávíksmörk mælinga við kvörðun tankanna eru:

± 3/1000 (± 3‰) af rúmmáli sem gefið er upp fyrir tanka nr.

± 5/1000 (± 5‰) af rúmmáli sem gefið er upp fyrir tanka nr.

Frávíksmörk mælinga þegar tankar eru notaðir til að ákvarða magn þess vökva sem er í þeim:

± 5/1000 (± 5‰) af rúmmáli sem gefið er upp fyrir tanka nr.

± 8/1000 (± 8‰) af rúmmáli sem gefið er upp fyrir tanka nr.

að því gefnu að stafnhalli sé enginn og að hæð vökvans sé rétt ákvörðuð með tækjum sem skylt er að nota við mælingarnar.

Heildarrými:

Minnsta mælanlega hæð = 500 mm

(Stimpill og undirritun stjórnanda kvörðunar).

Gjört í, þann

⁽¹⁾ Gerð skips (t.d. vöruflutningaprammi eða skip) og nafn.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ RÚMMÁLSTÖFLU

Lögbært yfirvald Gildir til
 Staða mælingarmanns

VIÐAUKI VIÐ KVÖRDUNARVOTTORÐ NR.

„.....“⁽¹⁾

Tankur nr.

Tafla sem sýnir magn vökva í tanki í rúmdesímetrum (líturum, rúmmetrum) sem fall af hæð vökvans í tanki í sentímetrum yfir botnplötu kvarðans sem sýndur er á skýringarmyndum

nr.

Heildarrými Heildarviðmiðunarhæð H

m	cm	Rúmmál	m	cm	Rúmmál	m	cm	Rúmmál	m	cm	Rúmmál
0	00		0	50		1	00		1	50	
	01			51			01			51	
	02			52			02			52	
	03			53			03			53	
	04			54			04			54	
	05			55			05			55	
	06			56							
	07			57							
	08			58							
	09			59							

(Fyrirmynd að töflu með dálkum fyrir rúmmál)

⁽¹⁾ Gerð skips og nafn.

Hæð		Rúmmál á hvern sentímetra í hæð									
m	dm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
	0										
	1										
	2										
	3										
	4										
	5										

Fyrirmynd að töflu með
lóðréttum og láréttum álestri
